

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (skotvopn, skráning, varsla, eftirlit o.fl.).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar
(BHar, BGuðm, BrynB, DagH, HHH, LínS).

- Í stað orðanna „sem teljast til sama flokks“ í 1. mgr. 1. gr. komi: en teljast til sama flokks.
- Við 2. gr. bætist tveir nýir stafliðir, b- og c-liður, svohljóðandi:
 - Orðið „og“ í lok f-liðar 1. mgr. fellur brott.
 - Í stað orðanna „a–f-liðum“ í g-lið 1. mgr. kemur: a–g-lið.
- Í stað orðanna „setja í reglugerð hvaða búnaður fellur undir“ í 1. mgr. 3. gr. komi: setja ákvæði í reglugerð um hvaða búnaður fellur hér undir.
- Í stað orðanna „þeir skulu“ í b-lið 4. gr. komi: hann skal.
- B-liður 5. gr. orðist svo: Á eftir orðinu „skotvopna“ í 3. másl. 1. mgr. og í 2. mgr. kemur: eða nauðsynlegra íhluta; og: nauðsynlegra íhluta.
- Við 11. gr.
 - Í stað orðsins „reglugerð“ í 2. másl. 2. og 3. mgr. komi: í reglugerð ákvæði; og á eftir orðinu „reglugerð“ í 2. másl. 4. og 5. mgr. komi: ákvæði um.
 - Í stað orðanna „skotvopnaréttindi í A-flokki“ í 2. tölul. 2. mgr. komi: skotvopnaréttindi A.
 - Í stað orðanna „á grundvelli ótvíræðs“ í 6. mgr. komi: sökum ótvíræðs.
- Í stað orðanna „eins og“ í 2. mgr. 13. gr. komi: svo sem um.
- Á eftir orðinu „dánarbús“ í 14. gr. komi: samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.
- Í stað orðsins „skotíþróttafélagi“ í 1. og 3. mgr. og orðsins „skotíþróttafélag“ í 2. mgr. 15. gr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: skotfélag.
- Á eftir orðinu „verslun“ í 2. mgr. 16. gr. komi: og.
- Orðin „að auki“ í 4. mgr. 20. gr. falli brott.
- Við 32. gr.
 - Efnismálgrein b-liðar 1. tölul. orðist svo:

Upplýsingar má ekki veita úr dánarskrá, gerðabók og dánarbúskerfi sýslumanns nema sá sem æskir þeirra hafi lögvarða hagsmuni af því að fá þær eða um sé að ræða upplýsingar og/eða gögn sem eru nauðsynleg opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum, svo sem Skattinum, embætti landlæknis, Þjóðskrá Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, ríkislögreglustjóra, Samgöngustofu, Tryggingastofnun ríkisins og Menntasjóði námsmanna, vegna lögbundinna verkefna þeirra. Aðrir sem eiga í viðskiptasambandi við hinn látna, svo sem viðskiptabankar, lífeyrissjóðir, sparisjóðir og tryggingafélög, hafa eingöngu lögvarða hagsmuni af þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar, t.d. vegna innláns- og útlánsviðskipta. Sýslumanni ber að veita fram-

angreindum aðilum rafrænan aðgang að umbeðnum upplýsingum eða gögnum búi hann yfir þeim.

- b. 1. másl. efnismálgreinar c-liðar 1. tölul. orðist svo: Opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum, svo sem Skattinum, embætti landlæknis, heilbrigðisstofnunum, Þjóðskrá Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, ríkislögreglustjóra, Samgöngustofu, Tryggingastofnun ríkisins og Menntasjóði námsmanna, og sýslunarmönnum, svo og viðskiptabönkum, lífeyrissjóðum og sparisjóðum, er skylt að veita sýslumanni þær upplýsingar um málefni þess látna sem hann krefst.
- c. Í stað orðanna „leyfi aðila fyrir vörslu skotvopna búsins“ í i-lið 1. tölul. komi: leyfi aðila skv. 2. mgr. 11. gr. fyrir vörslu skotvopna búsins.